

Mínum á að
ruslahreinsunin
er í dag-

Ruslahreinsun 2013.



Ruslahreinsun er í dag miðvikudaginn 12. júní og hefst kl. 17.

Búið er að skipta sveitinni milli félaga.

Á hverjum stað er forsvarsmáður félagsins sem skipuleggur hreinsunina. Eftir ruslatíngu bjóða Skútustaðahreppur og Jarðböðin í grillveislu við Jarðböðin kl. 19:00 og þá er einnig frítt í Jarðböðin fyrir ruslatíngulúlk.

Skiptingin á svæði er eftirfarandi:

Frá Austurlandsvegi í Garð. Auk þess Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur og Dimmuborgarvegur. Umsjón: Landeigendafélag Voga og Slysavarnardeildin. Mæting við Björk.

Frá Garði að Mátvatni. Umsjón: Björgunarsveitin og Kiwanis. Mæting við Sel hótél.

Frá Arnarvatni að vegamótum á Öxl. Umsjón: Kvenfélagið. Mæting við Laxárbrú.

Frá flugvallarvegi niður a.m.k. að Sandvatnsbrekku. Umsjón: Landeigendafélag Reykjahlíðar og Grímungar. Mæting við Hótél Reykjahlíð.

Frá flugvallarvegi, Reykjahlíðarþorp og austur a.m.k. að Kröfluafleggjara og helst lengra. Einnig vegurinn að Jarðböðunum. Umsjón: Mývetningur íþróttá- og ungmennafélag og Golfklúbburinn. Mæting við Dyngjuna.

Telji menn sig ekki tilheyrja neinu af ofangreindu félagi, þá mæta þeir á næstu stöð og hjálpa þar til. Þegar hóparnir eru búnir á sínu svæði er æskilegt að ath. hvort aðrir hópar eru búnir og hjálpa þar til, þannig að allir komist í grillið á sama tíma.

Komum og hreinsum okkar fallegu sveit og eigum góða stund saman og munum að margar hendur vinna létt verk.

Verum dugleg
að mæta

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

23. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 12. júní 2013

Afmælisbörn dagana 13. júní — 26. júní 2013

13. Jóhanna Rögnvaldsdóttir.
14. Lovísa Gestsdóttir, Matthías Benjamínsson,
15. Marta Sif Baldvinsdóttir, Vésteinn Vésteinnsson.
17. Helgi Aðalsteinn Þorsteinsson, Kári Þorgrímsson.
20. Hallgrímur Páll Leifsson.
21. Illugi Már Jónsson, Valgeir Guðmundsson.
22. Hólmgeir Logi Ingibjargarson, Pétur Jónasson.
23. Auður Jónsdóttir.
24. Gunnar Rúnar Pétursson.
25. Hildur Vésteinsdóttir.
26. Arnfríður Anna Jónsdóttir.

Mýflugan Vil minna á að Mýflugan kemur ekki út næsta miðvikudag, 19. júní.

Blaðið kemur næst út 26. júní.



Viðhald girðinga meðfram vegum í Skútustaðahreppi.



Þeir aðilar sem hafa samning við Vegagerðina um viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu, þurfa að hafa lokið því verki og tilkynna til sveitarstjóra fyrir 30. júní n.k.

Sveitarstjóri.

NUDD.

Er byrjuð aftur eftir vorfríð,
nudd, kinisology teipingar og fl.

Bergþóra heilsunuddari og náttúrupati.
Sími 663 0045.



MÝVATN



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

55. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 13. júní. 2013, kl 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kjör oddvita og varaoddvita.
3. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.
4. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 31. maí.
5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 7. júní.
6. Erindi frá Ingólfi Jónassyni f.h. Fagradalsveitu.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. maí.
8. Fyrirspurn frá Landsneti vegna hugmynda um breytingu á Kröflulínu.
9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun og breytingu á forsvarsmanni rekstrarleyfis Voga-ferðapjónustu ehf.
10. Samningur við Mývetning.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 31. maí.
Drög að stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.



17. júní.

Hátíðarhöld í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga
verða í Höfða mánudaginn 17. júní.


Dagskráin hefst með skrudgöngu
frá hliðinu við bílaplan kl. 14:00.

Blöðrur og fánar eru til sölu í Strax Reykjahlíð.
Hvetjum alla til að mæta og eiga ánægjulega stund saman.

Boðið verður upp á kaffi, safa og snúða.

Munið eftir vargskýlunum.

Kvenfélag Mývatnssveitar



Gerðu meira af
því sem gleður þig

Hugarorka.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Góðir sveitungar.

Við þökkum öllum, sem heimsóttu okkur í Holtið, Helluhrauni 9, s.l. sunnudag, fyrir skemmtilega samverustund.

Við viljum taka fram, að myndir Kára Jónassonar og Max Schmid verða uppi í allt sumar og ef einhverjir hafa áhuga á að skoða þær, stendur það til boða hvenær sem er.

Besta næðið til þess er venjulega síðdegis á góðviðrisdögum, þegar gestir dvelja að jafnaði utandyra.

Verið velkomin,
starfsfólk Eldár.

Heimboð á Jónsmessunótt.

Jólasveinarnir í Dimmuborgum bjóða gestum og gangandi

í heimsókn í helli í Dimmuborgum á Jónsmessunótt.

Heimboðið verður 23. júní frá kl. 22:00 - 01:00.

Þá verður mikil gleði þar sem jólasveinarnir taka

á móti gestum, spjalla, syngja og segja sögur.

Það er óhætt að segja að það ríkir mikil spenna í helli jólasveinanna vegna þessa heimboðs en þeir eru á fullu að vinna í undirbúningi.

Til að hjálpa gestum að finna hellinn verða sett upp skilti í Dimmuborgum sem vísa veginn og settur verður upp baukur þar sem gestir eldri en 18 ára greiða kr. 1.000,- fyrir heimsóknina.

Jólasveinarnir hvetja alla til að taka nóttina frá

og koma í heimsókn í Dimmuborgir.

Nánari upplýsingar verða birtar

á vef Mývatnsstofu www.visitmyvatn.is

